



UMRÆÐUSKJAL

Drög að reglum um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálþjónustu



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM UPPLÝSINGAGJÖF
TENGDÁ SJÁLFBÆRNI Á SVIÐI FJÁRMÁLAPJÓNUSTU

2024 nr. 3

Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 26. ágúst nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol/>.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna þessara að reglum. Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

Þar sem ekki er búið að birta íslenska þýðingu ESB-gerðanna í EES-viðbæti Stjórnartíðinda ESB, sem reglu-drögunum er ætlað er að leiða í íslenskan rétt, eru íslenskar þýðingar gerðanna birtar á ofangreindri vefsíðu Seðlabankans.

REGLUR

um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Jafnframt gilda eftirfarandi ákvæði framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnar (ESB) 2022/1288 um lífeyrissjóði sem bjóða upp á lágmarkstryggingavernd í skilningi laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þegar þeir birta upplýsingar skv. 3.-5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088: 4.-10. gr. og 12. gr.

2. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi eftirtaldar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB):

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1288 frá 6. apríl 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina atriði er varða efni og framsetningu upplýsinganna í tengslum við meginregluna um að „valda ekki verulegu tjóni“, tilgreina efni, aðferðafræði og framsetningu upplýsinganna í tengslum við sjálfbærnivísa og neikvæð áhrif á sjálfbærni og efni og framsetningu upplýsinganna í tengslum við eflingu umhverfislegra eða félagslegra eiginleika og sjálfbær fjárfestingarmarkmið í skjölum áður en samningur er gerður, á vefsíðum og í reglubundnum skýrslum, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 332, 27.12.2022, bls. 1, sem tekin var upp í EES-samninginn [með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 325/2023 frá 8. desember 2023](#). Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. [...] frá [...] 2024, bls. [...].
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/363 frá 31. október 2022 um breytingu og leiðréttingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2022/1288 að því er varðar efni og framsetningu upplýsinganna í tengslum við upplýsingagjöf í skjölum áður en samningur er gerður og reglubundnum skýrslum fyrir fjármálaafurðir sem fjárfesta í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi, sem tekin var upp í EES-samninginn [með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 325/2023 frá 8. desember 2023](#). Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. [...] frá [...] 2024, bls. [...].

3. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar, öðlast gildi sex vikum eftir birtingu þeirra í Stjórnartíðindum.